

STJÓRNARTÍÐINDI B 21 – 2000

1. febrúar 2000

293

Nr. 89

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi iðnaðar-, þjónustu- og verslunarsvæðis við Gjótuhraun, Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 18. janúar 2000, breytingu á deiliskipulagi iðnaðar, þjónustu- og verslunarsvæðis við Gjótuhraun, Hafnarfirði sem samþykkt var af bæjarstjórn Hafnarfjarðar dags. 17. mars 1998, með síðari breytingum.

Breytingin felur í sér að búin er til ný lóð, Gjótuhraun 9 fyrir dreifistöð sem staðsett er í norðaustur horni lóðar nr. 8 við Gjótuhraun.

Tillagan var auglýst samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 1. febrúar 2000.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar,

Hafdís Hafliðadóttir skipulagsstjóri.

2. febrúar 2000

Nr. 90

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundabyggðar við Hörðuvallabraut 16 og 16A í landi Vaðness, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt deiliskipulag frístundabyggðar við Hörðuvallabraut 16 og 16A í landi Vaðness, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 2. febrúar 2000.

Guðmundur Rúnar Svavarsson sveitarstjóri.

3. febrúar 2000

Nr. 91

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Reykjavíkurvegur 50, á iðnaðarsvæði austan Reykjavíkurvegur, Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 7. desember 1999, breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Reykjavíkurvegur 50, á iðnaðarsvæði austan Reykjavíkurvegur, Hafnarfirði sem samþykkt var af bæjarstjórn Hafnarfjarðar 5. mars 1985.